

Kirkjuþing 2023-2024

11. mál – þskj. 11a

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um skipan nefndar til að endurskoða starfsreglur um kosningarrétt við kjör til kirkjuþings og embætta biskupa.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Stefáni Magnússyni.

Frsm. Stefán Magnússon.

Kirkjuþing 2023-2024 samþykkir að kjósa þriggja manna nefnd til að kanna kosti þess og galla að rýmka ákvæði starfsreglna um kosningarrétt við kjör til kirkjuþings og kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa.

Nefndin skili áfangaskýrslu til reglulegs kirkjuþings 2024-2025.

### Greinargerð.

Samkvæmt 4. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 ber henni í starfsháttum sínum að hafa grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis í heiðri. Þetta gildir eftir því sem við getur átt um allt starf kirkjunnar. Mestu skiptir þó að þessara sjónarmiða sé gætt við kosningar til kirkjuþings og embættis biskups Íslands sem fara með æðstu stjórn þjóðkirkjunnar eftir því sem frekar er kveðið á um í lögnum og starfsreglum sem kirkjuþing setur á grundvelli þeirra.

Álitamál er hvort það fyrirkomulag sem nú gildir um kirkjuþings- og biskupskosningar uppfyllir þau skilyrði um jafnræði og lýðræði sem þjóðkirkjulögin krefjast. Er tillaga þessi m.a. fram komin til að fá umræður um það álitamál. Þá hefur upp á síðkastið komið fram áhugi bæði á kirkjuþingi og utan þess á að útvíkka kosningaréttinn og þróa hann þannig áfram á grundvelli þjóðkirkjulaganna.

Frá upphafi hafa skilyrði fyrir kosningarétti í kirkjuþings- og biskupskosningum verið mjög ströng og það hlutfall þjóðkirkjufólks er kosningarétt hefur verið mjög lágt. Hreinræktað fulltrúalýðræði hefur því verið við lýði allan þann tíma sem slíkar kosningar hafa verið til staðar. Þá hafa vígðir kjörmenn við biskupskjör aukinn rétt miðað við óvígða vegna tilnefningarréttarins. Eftir að almennar prestskosningar lögðust af, nema í undantekningartilvikum, er kjör til sóknarnefnda einu kosningarnar í kirkjunni þar sem beint lýðræði er við lýði en þær eru kjörnar á aðalsafnaðarfundum. Þess skal getið að fundirnir eru víðast hvar mjög fámennir og því fáir sem að kosningunum koma.

Ljóst er að beinar kosningar þar sem allt þjóðkirkjufólk hefði kosningarétt uppfylla best kröfu þjóðkirkjulaganna um lýðræðislega starfs- og stjórnarhætti. Eðlilegt virðist að verði það fyrirkomulag tekið upp væri þess krafist að fólk hefði náð kosningaaldri í almennum kosningum hér á landi og væri auk þess fermt til að öðlast kosningarétt en löng hefð er fyrir að líta svo á að þannig verði einstaklingurinn „kirkjulega fullveðja“. Þá ber þess að geta að í þeim meirihluta-þjóðkirkna Norðurlanda sem á annað borð hafa kirkjuþingi á að skipa er kosið til þeirra með beinni kosningu. Því máli gegnir aftur á móti ekki um biskupskosningar og með því mundi íslenska þjóðkirkjan öðlast sérstöðu.

Enn fremur er ljóst að breyting í þessa veru hefur ýmsar áskoranir í för með sér. Líklegt er að kosningaþátta í almennum kirkjuþings- og jafnvel biskupskosningum yrði takmörkuð og jafnvel mjög lág a.m.k. í upphafi. Er þar m.a. tekið mið af kosningum til sóknarnefnda. Mikilvægt er að meta hvaða áhrif það hefði á ímynd og stöðu kirkjunnar og hvort líklegt væri að dræm kosningaþátttaka væri talin bera vott um einangrun kirkjunnar frá þjóðinni og veikja hana þar með sem þjóðkirkju. Þá ber að huga að því hvaða áskoranir almennar kirkjuþingskosningar hefðu í för með sér fyrir fyrirkomulag kosninganna sjálfra og kosningaundirbúning þeirra sem gefa kost á sér til setu á kirkjuþingi. Nú er um hreint persónukjör að ræða. Ljóst er að það fyrirkomulag hentar illa við almennar kosningar þar sem listakosningar henta betur. Breyting í þá veru hefur tvímælalaust ýmsa kosti í för með sér og er m.a. líkleg til að stuðla að því að frekar yrði kosið um málefni en persónur. Þetta mundi þó valda því að hugsa þyrfti allt fyrirkomulag kosninganna upp á nýtt og þá ekki hvað síst skiptingu kirkjunnar í kjördæmi sem þyrftu væntanlega að verða fjölmennari en þau eru flest við núverandi skipan. Þá þyrfti að endurhugsa skiptingu kirkjuþingsfulltrúa og -frambjóðenda með tilliti til vígslu. Virðist eðlilegt að vígðir og óvígðir byðu fram sameiginlega lista og kosið yrði um þá í einni kjördeild.

Breyting á borð við þá sem hér um ræðir þarfnast vandaðs undirbúnings og hætt er við að lokamarkmiðinu, þ.e. almennum kirkjuþings- og biskupskosningum, verði ekki náð í einum áfanga. Hugsanlega kæmi til greina að taka smærri skref. T.a.m. gæti komið til skoðunar að bættu við nógildandi upptalningu kjörmanna, ákvæði þess efnis að þjóðkirkjufólk sem áhuga hefur á geti látið skrá sig á kjörskrá. Þannig yrði höfðað til þeirra sem áhugasamastir eru um málefni þjóðkirkjunnar.

Þar sem kirkjuþing og biskupssembættið eru tveir meginásar í yfirstjórn þjóðkirkjunnar virðist æskilegt að starfsreglur um kosningarnar séu sem líkastar.

Ljóst er að breytingar á borð við þær sem hér eru til umræðu verða ekki gerðar nema á grundvelli vandaðs undirbúnings. Þó er æskilegt að fyrir næstu kirkjuþingskosningar verði einhver skref stigin í átt til beinna lýðræðis. Því er lagt til að stefna verði mörkuð á yfirstandandi kjörtímabili og verði það gert á grundvelli áfangaskýrslu á kirkjuþingi 2024 og breyttar starfsreglur samþykktar á síðasta þingi á yfirstandandi kjörtímabili. Nefndarinnar sem skipuð verður til að vinna að framgangi málsins bíður viðamikil verkefni sem m.a. mun krefjast þó

nokkurrar gagnaöflunar. Það mundi auðvelda störf nefndarinnar að njóta aðstoðar starfsmanns (ritara) a.m.k. hluta starfstímans.